

**Námsáætlun fyrir sjónlistir 4. bekkur**  
**skólaárið 2019 - 2020**



**Kennari:** Sara Ross Bjarnadóttir

**Tímafjöldi:** 2 kennslustundir hálfan vetur.

Námsþættir	Hæfniviðmið	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
<p><b>Sjónlistir</b></p>	<p>Nýtt sér í eigin sköpun einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita- og formfræði og myndbyggingar.</p> <p>Skapað myndverk í ýmsum tilgangi með margvíslegum aðferðum.</p> <p>Tjáð tilfinningar, skoðanir og hugmyndaheim sinn í myndverki á einfaldan hátt.</p> <p>Útskýrt og sýnt vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd að myndverki.</p> <p>Unnið út frá kveikju við eigin listsköpun.</p> <p>Þekkt og notað hugtök og heiti sem tengjast lögmálum og aðferðum verkefna hverju sinni.</p> <p>Fjallað um eigin verk og annarra.</p>	<p>Kynnt verða listaverk frá mismunandi tímum í mannkynssögunni.</p> <p>Nemendur vinna að sköpun út frá áhrifavöldum í listasögunni.</p> <p>Nemendur læra að meðhöndla mismunandi efnismiðla.</p> <p>Nemendur vinna verkefni í tví- og þrívíð.</p>	<p>Verkefnamappa</p> <p>Vinnubrögð og færni eru metin á vinnutímabilinu.</p> <p>Metin verður þekking og meðhöndlun efna.</p> <p>Metin er hugmyndavinna sköpun og útfærsla á eigin hugmyndum við verkefnavinnu.</p> <p>Metin verður frammistaða og virkni í tíma.</p>

	<p>Þekkt og gert grein fyrir völdum verkum listamanna. Lýst þeim og greint á einfaldan hátt yrkisefnið og lýst þeim aðferðum sem beitt var við sköpun verksins.</p> <p>Greint að einhverju leyti á milli mismunandi aðferða við gerð listaverka.</p> <p>Greint á einfaldan hátt áhrif myndmáls í nærumhverfi hans.</p> <p>Skilið mismunandi tilgang myndlistar og hönnunar.</p>		
<p><b>Námsgögn:</b> Bækur, blöð og verkefnahugmyndir og fræðslumyndbönd af veraldarvefnum ásamt efniviði og verkfærum í eigu skólans.</p>			
<p><b>Lokanámsmat:</b> Að ofan er búið að lista upp þau hæfniviðmið sem verður unnið með þetta skólaár. Nemendur fá endurgjöf frá kennara um framgöngu í námi með fjórum hæfnitáknum og safna þannig á hæfnikort sitt.</p>			